

**Samningur**  
**um breytingu á og aðild Svíþjóðar að samningnum milli**  
**Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum.**

Danmörk, Ísland, Noregur og Svíþjóð,

- sem leitast við að efla frekar og gera samstarfið milli samkeppnisyrvalda formlegra í því skyni að stuðla að skilvirkari framkvæmd samkeppnislöggjafar í hverju landanna um sig,
- sem samkvæmt samkeppnislöggjöf í þeirra eigin löndum geta sent áfram upplýsingar til samkeppnisyrvalda annarra landa, sem bundin eru þagnarskyldu samkeppnisyrvalda, ef áframsendingin er nauðsynleg til þess að efla framkvæmd samkeppnislöggjafar þessara landa og áframsendingin á sér stað í því skyni að fullnægja tvíhliða eða marghliða skuldbindingum landanna,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

**1. gr.  
Aðild.**

Við gildistöku samnings þessa gerist Svíþjóð aðili að samningi Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 16. mars 2001, hér á eftir nefndur „samstarfssamningurinn“, í samræmi við 6. gr. samningsins.

Sænskur texti samstarfssamningsins, fylgiskjal 1, skal jafngildur dönsku, íslensku og norsku textunum.

**2. gr.  
Breytingar á samningi milli Danmerkur, Íslands og Noregs  
um samstarf í samkeppnismálum.**

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á samstarfssamningnum:

- a) Í heiti samstarfssamningsins komi „, Noregs og Svíþjóðar“ í stað „og Noregs“.
- b) Í 1. línu inngangsins komi „, Noregur og Svíþjóð“ í stað „og Noregur“.
- c) Í 1. lið inngangsins komi „, norskra og sænskra“ í stað „og norskra“.
- d) Í 1. lið inngangsins komi „,fjögurra“ í stað „þriggja“.
- e) Í 2. lið inngangsins komi „, Noregs og Svíþjóðar“ í stað „og Noregs“.
- f) Eftirfarandi iv-liður bætist við eftir iii-lið í 1. mgr. a-liðar 1. gr.: „iv) að því er varðar Svíþjóð lög nr. 20/1993, samkeppnislög með síðari breytingum.“.
- g) Eftirfarandi iv-liður bætist við eftir iii-lið í 2. mgr. a-liðar 1. gr.: „iv) að því er varðar Svíþjóð: Konkurrensverket.“.
- h) Í c-lið 1. gr. komi „, „yfirtaka fyrirtækja“ og „samþjöppun fyrirtækja““ í stað „og „yfirtaka fyrirtækja““.
- i) Eftirfarandi iv-liður bætist við eftir iii-lið í c-lið 1. gr.: „iv) að því er varðar Svíþjóð: 34. gr. samkeppnislaga nr. 20/1993.“.
- j) Í 1. mgr. 2. gr. komi „, í Noregi og í Svíþjóð“ í stað „og í Noregi“.
- k) Í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. komi „eða fleiri“ í stað „tvennra eða allra þrennra“ og „tveggja eða allra þriggja“.
- l) Í c-lið 1. mgr. 2. gr. komi „, yfirtöku fyrirtækis eða samþjöppun fyrirtækja“ í stað „eða yfirtöku fyrirtækis“, „, yfirtökunni eða samþjöppuninni“ í stað „eða yfirtökunni“ og „, í Noregi eða í Svíþjóð eða í mörgum landanna“ í stað „eða í Noregi eða í tveimur löndum eða öllum þremur“.
- m) Í 2. mgr. 2. gr. komi „, yfirtökur fyrirtækja eða samþjöppun fyrirtækja“ í stað „eða yfirtökur fyrirtækja“.

n) Eftirfarandi d-liður bætist við eftir c-lið í 2. mgr. 2. gr.: „d) að því er varðar Svíþjóð: til Konkurrensverket.“.

o) Í 3. mgr. 2. gr. komi „, norsk og sænsk“ í stað „og norsk“.

**3. gr.  
Gildistaka.**

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að öll innlend skilyrði fyrir gildistöku hafi verið uppfyllt.

Gjört í Helsinki hinn 9. apríl 2003 í einu eintaki á dönsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Fyrir Danmörku:

Finn Lauritzen  
forstjóri

Fyrir Ísland:

Georg Ólafsson  
forstjóri

Fyrir Noreg:

Knut Eggum Johansen  
forstjóri

Fyrir Svíþjóð:

Claes Norgren  
forstjóri

